

Hvernig förum við að því að NOTA spjaldtölvuna?

Fræðslufundur í Fjölmennt

18. september 2017

Helle Kristensen, verkefnastjóri

Spjaldtölvun í daglegu lífi

Hver er tilgangurinn?

- Að auka tækifæri til samskipta
- Að auka möguleikana á því að hafa áhrif á eigið líf
- Að auðvelda og skýra dags-/viku-/mánaðar-skipulag
- Að leysa af hólmi gömlu samskiptabækurnar
- Að auka möguleika á afþreyingu



Hver er staðan?

● Hvað gengur vel?

- Að nota spjaldtölvuna sem samskiptabók – það hvetur alla til að vinna meira með spjaldtölvuna
- Að vera í samskiptum við vini og ættingja í gegnum Facebook

● Hverjar eru hindranirnar?

- Tímaskortur og mannekla
- Tæknileg færni starfsfólks
- Lélegur aðgangur að tækjum fyrir starfsfólk
- Notandi festist í ákveðnum forritum/leikjum



Hvar er spjaldtölvun geymd?

- Ofan í skúffu

- Notandinn þarf að sjá tilgang með því að nota spjaldtölvuna

- Inni á skrifstofu forstöðumanns

- Mikilvægt að það ríki traust til starfsmanna frekar en hræðsla við misnotkun á tækjum eða netaðgangi

- Ofan í tösku

- Þá gleymist síður að taka hann með út úr húsi

- Á sófaborðinu

- Að hafa spjaldtölvuna sýnilega eykur líkurnar á því að hún sé notuð



Allir þurfa að taka þátt !

- ◎ Stjórnendur
- ◎ Starfsmenn
- ◎ Aðstandendur
- ◎ Notendur



Stjórnendur

● Skapa ramma

- Gefa starfsmönnum svigrúm til að sinna spjaldtölvumálum
- Gefa tíma og tækifæri til að miðla t.d. á starfsmannafundum

● Halda boltanum á lofti

- Minna á, hvetja, fylgja eftir

● Dreifa ábyrgð



Spjaldtölvu-tengill

- Heldur utan um tæknina
- Heldur utan um lykilorð og pin-númer
- Er í samstarfi við kennara Fjölmenntar
- Miðlar og aðstoðar aðra starfsmenn
 - T.d. í gegnum sameiginlegan Facebook-hóp starfsmanna eða með því að skrifa minnismiða í spjaldtölvunni sem aðrir geta lesið
- Tekur frumkvæði að því að búið verði til nýtt efni í spjaldtölvunni



Aðrir starfsmenn

- ◉ Muna eftir að taka spjaldtölvuna með
- ◉ Taka myndir
- ◉ Skoða efni í spjaldtölvunni með notandanum
- ◉ Nota val-töflur við öll tækifæri
- ◉ Hlaða spjaldtölvuna !



Aðstandendur

Til dæmis:

- ◉ Vera virkur vinur á Facebook
- ◉ Tala saman á Skype
- ◉ Útvega áhugaverðar myndir



Notandinn

- Hvað langar hann/hún að geta tjáð sig um?
- Hvað langar hann/hún að muna eftir og rifja upp?
- Við hverja langar hann/hún að eiga samskipti?

Það gæti hjálpað að

- setja spjaldtölvutíma á dagskrá eða inn í val
- hafa spjaldtölvuna alltaf meðferðis



Hvernig getur Fjölmennt aðstoðað?

- Reglulegir fræðslufundir fyrir starfsfólk heimila og aðstandendur
- Fræðsla á starfsmannafundum heimila
- Viðtalstími/aðstoð/kennsla hjá verkefnastjóra
- Kennslumyndbönd og leiðbeiningar á heimasíðu Fjölmenntar

